



Aðalfundur Leiknar 2025 þriðjudaginn 27. maí - kl. 12.00 Staður: lðan fræðslusetur og Zoom

Mætt voru: Helen Gray (Formaður, lðan), Björn Garðarsson (meðstjórnandi, FA), Guðrún Vala Elísdóttir (meðstjórnandi, Símenntun Vesturlandi), Vigdís Þyri Ásmundsdóttir (gjaldkeri, Framvegis), Þórunn Grétarsdóttir (ritari, Mímir), Kjartan Jónsson (varamaður, Multikulti) og Guðfinna Harðardóttir (Starfsmennt)

1. **Dagskrá kynnt** - Helen Gray, formaður bauð fólk velkomið og fór yfir dagskránnu.
2. **Kosning fundarstjóra og fundarritara**
 - a. Björn Garðarsson stjórnaði fundi
 - b. Helen Gray, fundarritun
3. Helen Gray las **skýrslu stjórnar** (sjá hér að neðan) – engar athugasemdir
4. Vigdís Þyri gerði grein fyrir **reikningum félagsins** – gerð var athugasemd við að það vantaði undirritun skoðunarmanna og verður það lagað strax.
5. **Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga** - Skýrsla stjórnar og reikningar voru samþykktir
6. **Fjárhags- og rekstraráætlun** - Rekstraráætlun fyrir 2025 var kynnt. – sérstök áhersla lögð á endurskoða og virkja heimasíðu og FB Leiknar.
7. **Umræður um lagabreytingar** - Engar tillögur um breytingar.
8. **Kjör formanns og stjórnar** - Formaður gaf áfram kost á sér og samþykkt einróma. Vigdís Þyri Ásmundsdóttir gefur ekki kost á sér og stígur úr stjórn. Oddbergur Eiríksson hjá Fjölmennt kemur í stjórn.
9. **Kosning skoðunarmanna reikninga** – Þór Pálsson og Eyjólfur Sturlaugsson
10. **Önnur mál** – Fjallað var um að aðalfundurinn hafi eingöngu verið auglýstur á heimasíðu og FB síðu Leiknar sem skilaði sér ekki vel til félagsmanna.

Stjórn Leiknar



AÐALFUNDUR LEIKNAR 2025

Á fundinum verður farið yfir skýrslu stjórnar, reikninga og fjárhagsáætlun, ákveðið árgjald, ræddar lagabreytingar og kosið í trúnaðarstörf.



27.maí á Zoom

12:00 13:00

SKRÁÐU ÞIG MEÐ ÞVÍ AÐ SKANNA QR KÓÐANN EÐA
HÉR: [HTTPS://BIT.LY/SKRANING_ADAL2025](https://bit.ly/skraning_adal2025)



Skýrsla stjórnar Leiknar fyrir starfsárið 2024–2025

1. Stjórnarmeðlimir og verkaskipting

Á fyrsta stjórnarfundum starfsársins (17. október 2024) skipti stjórnin með sér verkum sem hér segir:

- Formaður: Helen Gray (Iðan)
- Varaformaður: Guðrún Vala Eiríksdóttir (Símenntunarmiðstöð Vesturlands)
- Ritari: Þórunn Grétarsdóttir (Mímir)
- Gjaldkeri: Vigdís Þyri Ásmundsdóttir (Framvegis)
- Meðstjórnandi: Björn Garðarsson (FA)
- Varamenn: Bergþóra Guðjónsdóttir (ASÍ) og Kjartan Jónsson (Múltíkúlti)

Haldnir voru fimm stjórnarfundir á tímabilinu.

2. Helstu verkefni og ákvarðanir

A. Fræðsludagskrá

Tvö fræðsluerindi voru skipulögð fyrir vorið:

- „Færni á vinnumarkaði“ (19. mars) – frestað
- „Velvirk – vellíðan á vinnustað“ (28. maí) – Guðrún Rákel Eiríkisdóttir, VIRK

B. Heimasíða og miðlun

Það hefur gengið brösuglega að uppfæra heimasíðuna og hefur verið ákveðið að:

- Guðrún Vala hafði samband við Aron um útlits- og efnisbreytingar.
- Rætt hefur verið um að stuðla að mánaðarlegum fréttum og tengja vefsíðuna og FB betur.

C. Umsóknir og tengsl

- Erasmus+ KA1: Ekki sótt um árið 2025 og einbeita okkur frekar að koma að innviðum félagsins.
- Styrkumsókn: Sótt um styrk til félags- og vinnumálaráðuneytisins til að uppfæra heimasíðuna en hann fékkst ekki.
- Málaflokkur framhaldsfræðslunnar fluttist frá vinnumálaráðuneytinu til mennta – og barnamálaráðuneytisins á tímabilinu.
- EAEA European Elections Lab: Félagsaðild greidd.

D. Aðalfundur og stjórnarbreytingar

- Dagsetning aðalfundar: 27. maí 2025.
- Vigdís hættir í stjórn.

3. Aðrar niðurstöður og verkefni

- Rætt um stækkun félagsins og nýja aðila.
- Þýðing EAEA Manifesto í styttri útgáfu.
- Baltic and Nordic Adult Education Umbrella Organisations- fundur í Tallinn, 12.–13. maí. Guðrún Vala fer fyrir hönd Leiknar.

4. Áskoranir og næstu skref

- Skortur á styrkjum tafði uppfærslu vef- og kynningarmála.
- Ákveðið að halda áfram með vef- og miðlunavinnu, verkaskiptingu og virkni á samfélagsmiðlum.
- Virkja samtalið við mennta- og barnamálaráðuneytið.

Helen Gray

Formaður

30/4/2025